



**MYNL1LM05**

## Kennsluáætlun – Vorönn 2020

Fjölbautaskóli Suðurlands

---

### **Kennari áfangans:**

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum vinna nemendur verkefni í litafræði, litahring, blöndun út í svart og hvítt, grátónaskala og blöndun andstæðra lita út í jarðliti. Nemendur æfa myndbyggingu með uppsetningu þessara verkefna og halda síðan áfram með tvívíða, abstrakt myndbyggingu út frá litafræðinni. Gera æfingar til að ná fram þrívidd með litablöndun og fjarvídd með landslagsmyndbyggingu á raunsæjan hátt. Nemendur nýta sér síðan áðurgreind verkefni til að vinna mynd þar sem allir þættir myndbyggingar og litasamsetning koma saman í heildstætt verk eða seríu verka. Nemendum er kynntur munurinn á litakerfunum þremur (cmyk, rgb, listmálun). Öll verkefni eru máluð með þekjulitum og í litafræðinni er afgangur litaprufa unnin í klippimynd.

### **Markmið áfangans:**

#### **Pekking**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- litafræði myndlistar svo sem frumlitum, samsettum litum, andstæðum litum, jarðlitum, köldum og heitum litum og innsýn í prentliti og RGB litablöndun.
- áhrifum lita eftir því með hvaða litum þeir standa.
- hversu líttill hluti af rafsegulrófinu er sýnilegur mannlegu auga.
- Ljósbrotinu og bylgjulengd lita
- að stefna línu og uppbygging og röðun forma sem og tegund forma skapa ákveðna tilfinningu í myndverkum s.s. jafnvægi, ró, óróa, stöðugleika eða festu
- myndbyggingu með tvívíðum formum svo sem með reglubundnu munstri eða abstrakt óreiðu
- raunsæi í fjarvíddarlandslagi og þrívíddarlitablöndun

#### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- blanda 12 litahringinn.
- blanda liti út frá frumlitum og samsettum litum í jarðliti með svörtum og andstæðulit og pastelliti með hvítum
- blanda liti í kalda liti og heita liti og nota grátónakalann.
- geta unnið ólíkar myndir, bæði abstrakt og raunsætt, út frá fyrirfram gefnum litum, blöndun þeirra og myndbyggingu sem gefa til kynna ákveðin hugtök og kalla fram ákveðnar tilfinningar eins og óróa, hreyfingu og spennu á móti jafnvægi festu og stöðugleika.

- ná fram myndbyggingu og litablöndun með áherslu á tvívíð form og tvívíða fleti.
- ná fram myndbyggingu og litablöndun með áherslu á þrívíð form og fjarvídd í landslagi.
- vinna með frumform, lífræn form, manna- og skepnuform í reglufastri myndbyggingu eins og í spegilmyndum og andhverfum formum svo og alls konar óreglulegri myndbyggingu

## Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ná fram hvaða lit sem þarf með aðeins frumlitunum, svörtum og hvítum.
- færa mismunandi form upp í myndbyggingu sem sýnir ljóðræna og dramatísku skálínu.
- fá ró og stöðugleika fram í myndbyggingu með láréttum og lóðréttum línum svo og óróa og hreyfingu með hringmynbyggingu og skálínú.
- ná fram þeim andstæðum í litum sem þarf til að hver hlutur myndarinnar njóti sín.
- ná fram raunsærri landslagsfjarvídd og birtuáhrifum með litablöndun.
- ná fram þrívídaráhrifum í formum með litablöndun.
- vinna með andhverf form og spegilmyndir.
- geta unnið, meðvitað, hvort heldur raunsætt eða abstrakt.
- ná fram ákveðinni tilfinningu í myndverki með því að beita línum, formum og litum á meðvitaðan hátt.
- vinna með hvert þessara atriða og setja saman í eitt verk eða seríu verka.

## Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.
- Nemendur fá í hendur pappír og þekjuliti, teikniblýanta, strokleður og teiknipenna gegn greiðslu efnisgjalda.

## Kröfur og verkefnaskil

- Skila þarf að lágmarki 80% af verkefnum annarinnar til að eiga möguleika á að standast
- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi litaprufur, skapalón og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allar skissur.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhlti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggar til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

## Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

## Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- Mappa (5%) jan.
- Litafræði (30%) jan. feb.
- Klippimynd (10%) feb.
- Form (5%) feb.
- Myndbygging (40%) mars apríl
- Lokaverkefni (10%) apríl maí

## Tölvur og símar

- Tölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.